

**A 1665/näring**

Afgreiðsla:
Norræna hagvaxtar- og
þróunarnefndin

Málsnúmer: 15-00230-7

Nefndarálit Norrænu hagvaxtar- og
þróunarnefndarinnar um

**Þingmannatillögu um að auðvelda frjálst flæði
vinnuafls milli Norðurlandanna****Tillaga**

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að eiga frumkvæði að umræðum yfir landamæri ríkjanna við hin ýmsu starfsgreinasamtök um að samræma vinnureglur sínar í þeim tilgangi að skapa sameiginlegan norrænan vinnumarkað á sviði viðkomandi starfsgreinar. Þetta gæti til dæmis farið fram í formi norrænna forverkefna sem styðja eða bæta upp forverkefni ESB um evrópska fagskírteinið, *European Professional Card*, og áhersluna þar á iðngreinar (þar á meðal byggingagreinar), sem og félags- og heilbrigðisgreinar

að kortleggja gildandi reglur um viðurkenningu á menntun í löndunum og skiptast á bestu starfsvenjum með tilliti til viðurkenningar lögverndaðra starfsgreina, með það fyrir augum að auðvelda frjálst flæði ólíkra starfsstétta almennt séð, sem og að greiða fyrir móttöku nýlega aðflutts vinnuafls á sameiginlegum norrænum vinnumarkaði

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna um

að þær endurskoði kröfur sínar og meðferð umsókna um viðurkenningu prófgráða/starfsréttinda með tilliti til hinna Norðurlandanna og nýlega aðflutts vinnuafls, með það fyrir augum að auðvelda og flýta afgreiðslu slíkra umsókna

Aðdragandi

Allt frá því að norræna vegabréfasamstarfið var innleitt fyrir meira en sextíu árum síðan hafa norrænir ríkisborgarar hvorki þurft vegabréf né

nafnskírteini við ferðalög milli Norðurlandanna eða dvalarleyfi til dvalar í öðru norrænu ríki. Atvinnuleyfi fyrir norræna borgara felst einnig í þessu samstarfi.

Norðurlandaráð

Starfsgrein getur haft lögboðnar hæfniskröfur í einu landi en ekki í öðrum. Mikill munur er á fjölda lögverndaðra starfsgreina. Árið 2013 hafði til dæmis Finnland 74 lögverndaðar starfsgreinar á meðan Ísland hafði 171. Einstök lönd hafa því mismunandi lög og reglur, en einnig mismunandi verkaskiptingu stofnana og verklag við viðurkenningu prófgráða, sem og ólíkar aðferðir þegar kemur að mati á starfsreynslu viðkomandi einstaklings.

A 1665/náring

Afgreiðsla:
Norræna hagvaxtar- og
þróunarnefndin

Málsnúmer: 15-00230-7

Í dag er það tilskipun ESB um gagnkvæma viðurkenningu á starfsréttindum sem, ásamt norrænum samningum, er grundvöllur réttar til frjáls flæðis vinnuafis á Norðurlöndum, en því miður eru fjölmargar takmarkanir og hömlur á tækifærum til að fá vinnu í grannríki í þeirri starfsgrein sem fólk hefur hlotið menntun í og starfsreynslu.

Vel þekkt hindrun er norska lagaákvæðið um 14 sérhæfðar rafvirkjagreinar á meðan Danmörk, Svíþjóð og Finnland hafa bara eina iðngrein rafvirkja. Það er því nánast ómögulegt að fá vinnu sem rafvirki í Noregi þrátt fyrir menntun sem er viðurkennd á hinum Norðurlöndunum. Þetta felur í sér að hæfur rafvirki á hinum Norðurlöndunum er ekki sjálfkrafa með rétt til starfa á öllum sviðum rafvirkjunar í Noregi, heldur bara á nokkrum þeirra. Einkum í rafiðnaðargreinum er áfram tilkynnt um vandamál – viðurkenning á starfsréttindum krefst langrar og dýrrar framhaldsmenntunar sem lýkur með prófi í iðngreininni. Auk þess er framhaldsnámið alfarið í höndum viðkomandi lands. Aðferð Noregs hægir á flæði menntaðs vinnuafis, ekki hvað síst í norðri, þar sem skortur er á vinnuafli í Noregi á meðan hlutfallslegt atvinnuleysi er t.d. í Norður-Finlandi sem nálgast 9,4 prósent.

Venjan í ESB/EES í dag er ekki samræming náms heldur viðurkenning á námi. Norræna ráðherranefndin hefur þegar látið fara fram rannsókn á þeim lögvernduðu starfsgreinum sem eru á Norðurlöndum og að auki skoðað hvort samræma megi aðferðir á þessu sviði.

Haustið 2015 áttu löndin að leggja fram fyrir framkvæmdanefnd ESB mat sitt og aðgerðaáætlanir með tilliti til framkvæmdar tilskipunarinnar. Í þessum skýrslum kemur fram hve margar lögverndaðar starfsgreinar eru í löndunum og hvar reynt verður að létta á reglum. Skýrslurnar eru þó ekki opinberar.

Tilskipun ESB um gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda veitir löndunum heimild til að gera ólíkar kröfur að svo miklu leyti sem þær varða öryggi, tungumál eða aðrar þýðingamiklar forsendur þess að geta stundað starfsgrein í viðkomandi landi. Endurnýjun tilskipunar ESB um gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda, sem er núna á framkvæmdastigi, mun þó ekki breyta fjölda lögverndaðra starfsgreina á Norðurlöndum og grundvelli ákvarðana um hugsanlega framhaldsmenntun á skyldustigi.

Evrópska fagskírteinið, *European Professional Card*, sem framkvæmdanefnd ESB er að hrinda í framkvæmd, getur þó skipt máli þar sem það fjallar um evrópska stöðlun á hæfniskröfum á mörgum sviðum. http://ec.europa.eu/growth/single-market/services/free-movement-professionals/policy/european-professional-card/index_en.htm

Framkvæmdanefnd ESB hefur ákveðið að hrinda í framkvæmd tveimur forverkefnum innan ramma evrópska fagskírteinisins, *European Professional Card*, en það er í ólíkum iðngreinum, þar á meðal byggingagreinum, sem og á félags- og heilbrigðisviði.

Norðurlandaráð

A 1665/náring

Afgreiðsla:
Norræna hagvaxtar- og
þróunarnefndin

Málsnúmer: 15-00230-7

Tilvist hindrana sem takmarka frjálst flæði vinnuafis í lögvernduðum starfsgreinum er bara hluti þeirra „stjórnsýsluhindrana“ sem eru í löndunum. Eigin reglur starfsgreinanna eru hindrun, sem er við hlið löggjafarinnar og sem löggjafarvaldið getur ekki haft bein áhrif á. Slíkir starfsgreinasamningar í löndunum um sértækar prófgráður og aðrar kröfur má finna í mörgum starfsgreinum. Eitt dæmi er sænski byggingaiðnaðurinn þar sem öflug stéttarfélag og samtök atvinnurekenda hafa náð samkomulagi um kröfur sem skapa vanda fyrir byggingaverkamenn sem eru menntaðir á Norðurlöndunum og vilja vinna í Svíþjóð. Það ætti hins vegar að vera hagur bæði stéttarfélaganna og atvinnurekenda, sem og ríkisstjórnanna að eyða hindrunum sem takmarka aðgang að hæfu starfsfólki, að endurmenntun starfsfólks og þar með að auknu ráðningarhæfi. Vinna í öðru landi eykur þroska á margan hátt og ber eigi að koma í veg fyrir hana. Ríkisstjórnirnar ættu því að eiga frumkvæði að umræðum yfir landamærin við samtök atvinnurekenda og launþega um að samræma mismunandi vinnureglur sínar í því skyni að skapa sameiginlegan norrænan vinnumarkað. Með hliðsjón af tveimur forgangsverkefnum framkvæmdanefndar ESB innan ramma evrópska fagskírteinisins, *European Professional Card*, gætu Norðurlöndin því sér til hagsbóta beint sjónum að þeim starfsgreinum þar sem menn vilja bæta um betur eða vinna áfram með mismunandi lögverndaðar starfsgreinar á Norðurlöndum.

Flæði vinnuafis á Norðurlöndum hefur lengi verið mikið og sú staðreynd að ýmis lönd á mismunandi tímum upplifa annað hvort skort á hæfu vinnuafli eða skort á störfum, gerir það mikilvægt að auðvelda á ólíkan hátt frjálst flæði vinnuafis. Í dag eru líka margir nýlega aðfluttir Norðurlandabúar frá útlöndum með ólíka starfshæfni. En það stuðlar að því að leggja mikinn þrýsting á ríkisstofnanir landanna sem sjá um viðurkenningar á starfsréttindum. Í ljósi þessa er því tilefni fyrir löndin að kortleggja annars vegar reglur og hins vegar starfsvenjur/afgreiðslu viðurkenninga á prófgráðum.

Umsókn um viðurkenningu á prófgráðum og starfsreynslu er oftast send til viðeigandi ríkisstofnunar fyrir starfsgreinina. Upplýsingar um hvernig skuli bera sig að og hvert beri að senda umsókn gætu verið aðgengilegri en nú. Afgreiðsla stjórnvalda getur stundum tekið tímann sinn, að minnsta kosti er tíminn langur í augum vinnuleitandans. Því ber að flýta afgreiðslu á öllum Norðurlöndunum.

Á heilbrigðis- og heilsugæslusviði, þar sem margar starfsgreinar eru lögverndaðar, hafa menn náð býsna langt með tilliti til möguleikans á að starfa í öðru ríki Norðurlanda. Læknar, hjúkrunarfræðingar, ljósmæður, sjúkráþjálfar, sálfræðingar, tannlæknar, sjóntækjafræðingar og dýralæknar eru nokkur störf þar sem nú þegar eru til staðar norrænir samningar, en þó munu sambærilegir evrópskir samningar að mestu koma í þeirra stað.

Við vitum líka að Norðurlöndin standa andspænis skorti á menntuðu starfsfólki í velferðargreinum og að frjálst flæði vinnuafls geti verið ein leið til að uppfylla þörfina fyrir vinnuafl þegar hún birtist í einu landi eða á landsvæði. Ný endurskoðun á afgreiðslu viðurkenninga á starfshæfni nýlega aðfluttra Norðurlandabúa getur líka flýtt fyrir móttöku þessara nýju launþega á norrænum vinnumarkaði.

Þórshöfn, 29. júní 2016

Arto Pirttilahti (cent)

Gunvor Eldegard (A)

Henrik Brodersen (DF)

Håkan Svenneling (V)

Juhana Vartiainen (saml)

Katri Kulmuni (cent)

Kirsti Bergstø (SV)

Lars Tysklind (FP)

Lena Asplund (M)

Magni Arge (T)

Odd Omland (A), Norge

Per Olaf Lundteigen (Sp)

Pyry Niemi (S), formaður

Ville Skinnari (sd)

Norðurlandaráð

A 1665/näring

Afgreiðsla:

Norræna hagvaxtar- og

þróunarnefndin

Málsnúmer: 15-00230-7

Fyrirvari A 1665/näring

Tillaga

Ég set fyrirvara í þágu tillögu minnar um undirtektir við málsliðum 1 og 2 og breytingu á málslið 3, þar sem síðasta setningarhluta í málsliðnum – „með það fyrir augum að auðvelda og flýta afgreiðslu slíkra umsókna“ verði eytt.

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að eiga frumkvæði að umræðum yfir landamæri ríkjanna við hin ýmsu starfsgreinasamtök um að samræma vinnureglur sínar í þeim tilgangi að skapa sameiginlegan norrænan vinnumarkað á sviði viðkomandi starfsgreinar. Þetta gæti til dæmis farið fram í formi norrænna forverkefna sem styðja eða bæta upp forverkefni ESB um evrópska fagskírteinið, *European Professional Card*, og áhersluna þar á iðngreinar (þar á meðal byggingagreinar), sem og félags- og heilbrigðisgreinar

að kortleggja gildandi reglur um viðurkenningu á menntun í löndunum og skiptast á bestu starfsvenjum með tilliti til viðurkenningar lögverndaðra starfsgreina, með það fyrir augum að auðvelda frjálst flæði ólíkra starfsstétta almennt séð, sem og að greiða fyrir móttöku nýlega aðflutts vinnuafls á sameiginlegum norrænum vinnumarkaði

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna um

að þær endurskoði kröfur sínar og meðferð umsókna um viðurkenningu prófgráða/starfsréttinda með tilliti til hinna Norðurlandanna og nýlega aðflutts vinnuafls

Þórshöfn, 29. júní 2016

Juho Eerola (saf)